



## Ársreikningur 2016

Aðalstjórn



# Efnisyfirlit

Áritun félagskjörinn skoðunarmanna .....	1
Áritun stjórnar .....	2
Skýrsla stjórnar .....	3
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymi .....	8
Skýringar .....	9




# Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir höfum skoðað ársreikning aðalstjórnar Gróttu fyrir árið 2016. Skoðun okkar hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að reikningsskilin gefi glöggja mynd af afkomu og sjóðstreymi á árinu 2016 og efnahag í lok ársins.

Skoðunarmenn félagsins staðfesta hér með ársreikning aðalstjórnar fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 6. apríl 2017



Rögnvaldur Dólfur Pétursson



Bjarhí Tórfi Alfbórsson



# Áritun stjórnar

Aðalstjórn Íþróttafélagsins Gróttu staðfestir hér með árskýrslu og ársreikning fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 6. apríl 2017

  
Elín Smáradóttir

  
Ragnar Oddur Rafnsson

  
Sigurður Hallgrímssdóttir

  
Kristinn Þorvaldsson

  
Hreinn Októ Karlsson



# Skýrsla stjórnar Aðalstjórn Gróttu 2016

## Aðalfundur Aðalstjórnar Íþróttafélagsins Gróttu 6. apríl 2017

A aðalfundi Gróttu þann 7. apríl 2016 voru eftirtaldir einstaklingar kosnir í aðalstjórn félagsins:

Elín Smáradóttir, formaður  
Ragnar O Rafnsson, gjaldkeri.  
Hreinn Októ Karlsson, ritari  
Sigrún Hallgrímsdóttir, meðstjórnandi  
Kristinn Þorvaldsson, meðstjórnandi

Varamenn voru kjörnir  
Pétur Blöndal og  
Ísak Runólfsson

Aðalstjórn fundaði að jafnaði einu sinni í mánuði og fundi hennar sitja einnig framkvæmdastjóri og íþróttastjóri félagsins ásamt formönum deilda eða varamanna þeirra.

### Helstu verkefni aðalstjornar á árinu voru

#### Samningur um rekstur íþróttamannvirkja

Gróttu hefur lengi sóst eftir því við bæjaryfirvöld að því að taka við rekstri íþróttamiðstöðvar og knattspyrnuvallar. Á árinu 2016 dró loks til tíðinda og þann 1. september sl. tók félagið alfarið við rekstrinum. Síðan hafa verið ráðin til starfa við íþróttamannvirkin þau

Elvar Grétarsson,  
Jóhanna Selma Sigurðardóttir,  
Sólveig Herbertsdóttir,  
Valdimar Ólafsson og  
Örlygur H. Ásgeirsson.

Auk þeirra starfa áfram hjá félaginu þau Kristín Finn bogadóttir framkvæmdastjóri og Kári Garðarsson íþróttastjóri og reka félagið og íþróttaaðstöðu þess af miklum myndarskap.

#### Árangur deilda

Árið 2016 var mjög viðburðarákt hjá iökendum Gróttu. Margir titlar unnust og margir glæsilegir viðburðir, þeirra á meðal má nefna:

#### Fimleikar

- Glæsileg afmælissýning var haldin í tilefni 30 ára afmælis deildarinnar.
- Nanna Guðmundsdóttir valin í úrvalshóp fullorðinna og Sóley Guðmundsdóttir í úrvalshóp unglingsa hjá FSÍ.
- Mjög góður árangur var hjá yngri flokkum á árinu.

#### Handknattleikur

- Meistaraflokkur kvenna varð Íslandsmeistari og sigraði meistarakeppni HSÍ. Einnig náðist 2. sætið í bikar- og deildarkeppni.
- Meistaraflokkur karla endaði í 5. sæti Olís deildar og komst í bikarúrslit.

## **Knattspyrna**

- Meistaraflokkur kvenna tók til starfa og lék í 1. deild á árinu.
- Meistaraflokkur karla vann sér sæti í 1. deild með mjög ungu liði þar sem margir Gróttumenn stigu sín fyrstu skref í meistaraflokki.
- Mikil fjölgun hefur orðið hjá knattspyrnudeild og eru iökendur nú orðnir fleiri en 300 talsins.

## **Kraftlyftingar**

- Mikill fjöldi verðlauna vannst hjá kraftlyftingadeild á árinu 2016 og má þar nefna: Silfur á HM í bekkpressu, heimsmeistaratitil í klassískri bekkpressu, Evrópumeistaratitil í bekkpressu með búnaði, gull og brons í bekkpressu og réttstöðulyftu, gull og brons í hnébeygju auk Íslandsmets á HM öldunga, gull í bekkpressu með búnaði á Evrópumeistaramóti unglings og brons í bekkpressu á sama móti.
- Þá unnust fjölmargir Íslandsmeistaratitlar, Íslandsmet og verðlaun á mótum ársins.
- Því miður hafa keppendur í kraftlyftingum, sem áður keptu undir merkjum Gróttu nú snúið sér til annars félags og óskar aðalstjórni þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Í öllum deildum hefur verið mikil gróska og metnaður í starfi yngri flokka og því er framtíðin björt hjá Gróttu.

## **Íþróttamaður Gróttu og æskunnar**

Kjöri íþróttamanns Gróttu árið 2016 var lýst þann 29. desember síðastliðinn. Fyrir valinu varð Fanney Hauksdóttir – kraftlyftingakona. Meðal afreka hennar á árinu 2016 voru: Íslands- og norðurlandamet í bekkpressu, Heimsmeistaratitill í klassískri bekkpressu og Íslandsmet í bekkpressu.

Íþróttamaður æskunnar var einnig kjörinn og þar varð Anna Katrín Stefánsdóttir, handboltakona, fyrir valinu.

Við sama tækifæri var landsliðsfólk Gróttu veittar viðurkenningar. Þá voru heiðursmerki einnig veitt einstaklingum, sem hafa unnið ötult starf í þágu Gróttu á liðnum árum.

## **Viðburðir**

Ýmsir skemmtilegir viðburðir hafa skipað sér fastan sess í starfi félagsins. Má þar nefna vel heppnað Þorrablót, sem verður skemmtilegra með hverju árinu. Einnig má nefna karla- og kvennakvöld, sem eru mikilvæg fjárlöflun en líka skemmtileg leið til að þjappa stuðningsfólk Gróttu enn betur saman.

Haldinn var haustfagnaður þar sem stjórnarfólk og þjálfurum var boðið.

## **Fyrirhugaðar endurbætur á íþróttamiðstöð og nýtt gervigras**

Á árinu hefur verið mikil umræða innan félagsins og við bæjaryfirvöld um aðstöðuna í íþróttamiðstöð bæjarins. Ljóst er að aðstaðan er ekki fullnægjandi og afar brýnt er að ráðist verði í úrbætur. Þann 13. desember sl. var loks skrifð undir samkomulag við Reykjavíkurborg um þátttöku borgarinnar í rekstri framtíðar húsnæðis, en borgin mun taka þátt í að greiða fyrir aðstöðu þá sem fimleikaiökendur úr Reykjavík njóta hjá Gróttu. Var þar með kominn grundvöllur undir gagngerar endurbætur á íþróttamiðstöðinni en hönnun stendur nú yfir og er stefnt að framkvæmdum með haustinu. Er það mikið fagnaðarefnir að nú hylli undir bætta aðstöðu fyrir fimleika- og handboltafólk félagsins.

Skipt var um gervigras á knattspyrnuvellinum sl. sumar og gengu framkvæmdir hratt og vel fyrir sig. Er það samdóma álit þeirra sem best þekkja að nýja gervigrasið sé afar gott og mikill munur á aðstöðu til knattspyrnuiðkunar eftir að það kom.

### **Endurnýjaður styrktarsamningur Seltjarnarnesbæjar og Gróttu**

Á haustmánuðum var unnið að nýjum styrktarsamningi Seltjarnarnesbæjar við Gróttu og tók samningurinn gildi um áramót. Mun samningurinn gilda til loka ársins 2019. Með nýja samningnum varð umtalsverð hækkan á fjárfamlögum til Gróttu, eða sem nemur rúnum 15 milljónum króna. Meginmarkmið samningsins er að tryggja öflugt og fjölbreytt íþróttastarf á Seltjarnarnesi og er rétt að nota þetta tækifæri til að þakka bæjaryfirvöldum fyrir þeirra rausnarlega stuðning við íþróttafélagið. Mun stuðningurinn nýtast til að gera gott starf enn betra og ekki leikur vafi á því að hið öfluga íþróttastarf, sem unnt er að halda úti vegna skilnings og áherslu bæjaryfirvalda á málaflokkinn, á stóran þátt í því hversu vel börn og ungmenni í bænum standa sig í leik og starfi.

#### **Hvað er framundan?**

Helstu verkefni aðalstjórnar eru að halda áfram vel utan um rekstur íþróttafélagsins og nú íþróttamannvirkjanna sem félaginu hefur verið treyst fyrir. Þá er einnig ljóst að mikil álag mun verða á starfsfólki og iðkendum á meðan framkvæmdum stendur við íþróttamiðstöðina. Það er hins vegar líka ljóst í mínum huga að það mun allt gleymast þegar ný og endurbætt aðstaða verður tekin í gagnið.

Á árinu verður Gróttta 50 ára og verður þeirra tímamóta minnst með margvíslegum hætti, en hæst mun bera stórdansleik, Pallaball, sem haldið verður þann 29. apríl næstkomandi. Auk þess verður haldið upp á afmælið með ýmsum skemmtilegum uppákomum.

Ég vil að lokum minna á að rekstur félags eins og Gróttu myndi aldrei ganga upp ef ekki væri fyrir þrotlausa vinnu allra þeirra sjálfboðaliða sem að félaginu koma. Það starf verður seint fullþakkað.

Aðalstjórn vill einnig þakka öllum þeim styrktaraðilum sem hafa staðið við bakið á félaginu síðustu ár.

Framkvæmdarstjóra, íþróttastjóra, og öðrum starfsmönnum, samstarfsmönnum í aðalstjórn, stjórnarfólki annarra deilda, formanni og stjórn ÍTS, bæjarstjórn og bæjarstjóra þakka ég fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Seltjarnarnesi, 6. apríl 2017

Elín Smáradóttir  
Formaður Aðalstjórnar



# Rekstrarreikningur 2016

Rekstrartekjur	Skýr.	2016	2015
Framlög og styrkir .....	3	134.910.349	118.738.100
Aðrar tekjur .....		4.732.814	5.126.892
		<u>139.643.163</u>	<u>123.864.992</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld .....	4	27.271.957	12.396.670
Verktakagreiðslur .....		1.359.600	500.000
Styrkir til deilda .....	5	100.376.535	101.777.759
Vörugaup, Gróttuvörur .....		2.607.809	2.864.266
Åhöld, tæki og búnaður .....		1.500	643.883
Rekstur mannvirkja .....		1.393.464	0
Rekstur skrifstofu .....	6	3.077.855	2.340.339
Annar kostnaður .....	7	1.476.301	1.619.115
		<u>137.565.021</u>	<u>122.142.032</u>
Rekstrarhagnaður		2.078.142	1.722.960
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur .....		180.080	156.733
Vaxtagjöld .....		(23.278)	(931)
		<u>156.802</u>	<u>155.802</u>
Hagnaður ársins		<u>2.234.944</u>	<u>1.878.762</u>



# Efnahagsreikningur 31/12 2016

## Eignir

	Skýr.	2016	2015
Veltufjármunir			
Vörubirgðir .....		2.783.271	2.283.271
Skammtímakröfur .....		6.727.230	2.525.900
Handbært fé .....		12.238.992	13.564.221
Veltufjármunir samtals		<u>21.749.493</u>	<u>18.373.392</u>
Eignir samtals		<u>21.749.493</u>	<u>18.373.392</u>

## Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2016	2015
Eigið fé			
Uppsafnað eigið fé frá fyrra ári .....		9.686.585	7.807.823
Tekjuafgangur (-tap) ársins .....		<u>2.234.944</u>	<u>1.878.762</u>
Eigið fé samtals	8	<u>11.921.529</u>	<u>9.686.585</u>

## Skuldir

### Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		<u>9.827.964</u>	<u>8.686.807</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>9.827.964</u>	<u>8.686.807</u>
Skuldir samtals		<u>9.827.964</u>	<u>8.686.807</u>

Eigið fé og skuldir samtals		<u>21.749.493</u>	<u>18.373.392</u>
-----------------------------	--	-------------------	-------------------



## Sjóðstreymi 2016

	<i>Skýr.</i>	2016	2015
Handbært fé (til) frá rekstri			
Hagnaður (Tap) ársins .....	2.234.944	1.878.762	
Hreint veltufé frá rekstri			
	2.234.944	1.878.762	
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir .....	(500.000)	(600.000)	
Skammtímakröfur .....	(4.201.330)	(469.151)	
Skammtímaskuldir .....	1.141.157	1.365.593	
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(3.560.173)	296.442	
Handbært fé (til) frá rekstri			
	(1.325.229)	2.175.204	
Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....	(1.325.229)	2.175.204	
Handbært fé í ársbyrjun .....	13.564.221	11.389.017	
Handbært fé í árslok .....	12.238.992	13.564.221	



# Skýringar

## 1. Upplýsingar um félagið

Aðalstjórn Íþróttafélagsins Gróttu er hluti af Íþróttafélaginu Gróttu á Seltjarnarnesi. Starfsstöð félagsins er staðsett við Suðurströnd 8 á Seltjarnarnesi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvárdanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til félagsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

## 3. Framlög og styrkir

	2016	2015
Húsaleigustyrkir .....	59.400.000	59.400.000
Ferðastyrkir .....	4.999.816	4.999.834
Rekstrarstyrkur .....	48.190.184	45.440.166
Rekstrarstyrkur mannvirkja .....	16.350.000	0
Lottó .....	3.387.449	2.972.200
Aðrir styrkir og tekjur .....	2.582.900	5.925.900
	<u>134.910.349</u>	<u>118.738.100</u>

## 4. Laun og launatengd gjöld

	2016	2015
Laun .....	22.567.968	10.314.855
Launatengd gjöld .....	4.703.989	2.081.815
	<u>27.271.957</u>	<u>12.396.670</u>



# Skýringar

## 5. Styrkir til deilda

	2016	2015
Húsaleigustyrkir .....	59.400.000	59.400.000
Ferðastyrkir .....	5.000.000	4.999.834
Knattspyrnudeild Gróttu .....	10.333.800	8.565.099
Fimleikadeild Gróttu .....	7.988.300	7.985.900
Handknattleiksdeild Gróttu .....	12.594.600	12.588.498
Lottó .....	3.387.451	2.972.200
Aðrir styrkir .....	1.672.384	5.266.228
	<u>100.376.535</u>	<u>101.777.759</u>

## 6. Rekstur skrifstofu

	2016	2015
Sími .....	654.088	687.256
Pappír, prentun og ritföng .....	497.210	174.948
Tölvukostnaður .....	810.723	606.204
Hátíðarsalur .....	179.371	155.620
Auglýsingakostnaður .....	476.035	0
Annar skrifstofukostnaður .....	460.428	716.311
	<u>3.077.855</u>	<u>2.340.339</u>

## 7. Annar kostnaður

	2016	2015
Þjónustugjöld kreditkorta og banka .....	355.787	325.943
Kostnaður vegna skemmtanahalds .....	306.566	62.533
Íþróttamaður / -kona Gróttu .....	42.161	565.306
Námskeið, fræðsla, fundir o.fl. .....	408.240	324.010
Annar kostnaður .....	363.547	341.323
	<u>1.476.301</u>	<u>1.619.115</u>

## 8. Eigið fé

	Uppsaafnað frá fyrra ári	Tekjuafg. ársins	Samtals
Eigið fé 1/1 .....	7.807.823	1.878.762	9.686.585
Afkoma f.f. ári flutt á uppsaafnað eigið fé .....	1.878.762	(1.878.762)	0
Afkoma ársins .....		2.234.944	2.234.944
Eigið fé 31/12 .....	<u>9.686.585</u>	<u>2.234.944</u>	<u>11.921.529</u>